

24 hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir 1. febr. alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—2000 kr., er renna í sýslusjóð. Sömu leiðis má ákveða fyrir brot móti samþykkt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 200—2000 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykkt er að ræða, eða í sveitarsjóð, ef brotið er móti hreppssamþykkt.

23. gr.

Með brot móti lögum þessum og samþykktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin girðingalög, nr. 66 22. nóv. 1913, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 1. febrúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason, Jón Ásbjörnsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

25

1. febr.

L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bay, Leif Jan Agnar Axel prentmyndasmiður í Reykjavík, fæddur 7. sept. 1922 í Danmörku.
2. Berlin, Johannes Erik Fridolf, verkamaður í Reykjavík, fæddur 4. janúar 1916 í Finnlandi.
3. Blumenstein, Kurt Karl Andreas, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur 28. janúar 1908 í Þýzkalandi.
4. Bröring, Francisca Elisabeth Maria, nunna í Hafnarfirði, fædd 13. júlí 1910 í Hollandi.
5. Eilertsen, Isak Jentoft Dagfinn, sjómaður, Reykjavík, fæddur 23. ágúst 1920 í Noregi.
6. Förelund, Ingvald, verkamaður í Reykjavík, fæddur 1. maí 1920 í Noregi.
7. Halldóra Elín Jónsdóttir, saumakona á Akureyri, fædd 10. október 1928 á Íslandi.
8. Hansen, Harald, rafvirki í Reykjavík, fæddur 17. júní 1906 í Noregi.
9. Hillers, Börge, mjólkuriðnaðarmaður á Selfossi, fæddur 3. júní 1915 í Danmörku.

10. Hirst, Karl Heinrich Max Moritz, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 31. júlí 1907 í Þýzkalandi. 25
11. Husby, Oskar Ingmar, verkamaður í Reykjavík, fæddur 29. október 1918 í Noregi. 1. febr.
12. Hüter, Margarethe Justine Anna Elisabeth, saumakona á Akureyri, fædd 27. desember 1911 í Þýzkalandi.
13. Juul, Thyra Marie, lyfjafræðingur í Reykjavík, fædd 1. marz 1897 í Danmörku.
14. Keil, Max Robert Heinrich, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 14. janúar 1908 í Þýzkalandi.
15. Knauf, Edvard Carl Walter, blikksmiður á Ísafirði, fæddur 28. marz 1910 í Þýzkalandi.
16. Kummer, Gunnar Paul, verkamaður í Grindavík, fæddur 3. október 1934 í Þýzkalandi.
17. Kummer, Kristmundur Herbert, nemandi í Grindavík, fæddur 8. ágúst 1933 á Íslandi.
18. Larsen, Kristoffer Andreas, verkamaður í Reykjavík, fæddur 21. september 1918 í Noregi.
19. Lindberg, Peter Hans, skipasmiður í Hafnarfirði, fæddur 5. ágúst 1920 í Færeyjum.
20. Lönning, Eilif Olufson, verkamaður í Kópavogshreppi, fæddur 7. janúar 1896 í Noregi.
21. Moolenschot, Geertruida Alphonsa Maria, nunna í Hafnarfirði, fædd 9. febr. 1910 í Hollandi.
22. Mortensen, Jens Victor Ludvig, skipasmiður í Reykjavík, fæddur 28. desember 1916 í Færeyjum.
23. Münch, Ferdinand Emil Bruno, nemandi í Reykjavík, fæddur 17. september 1937 í Þýzkalandi.
24. Petterson, Alexander Hartmann, rafvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 21. september 1908 í Noregi.
25. Pietsch, Heribert Jósef, gleraugnasérfræðingur í Reykjavík, fæddur 12. marz 1910 í Þýzkalandi.
26. Rafn, Vidkun Amandus, vélvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 26. maí 1923 í Noregi.
27. Rosenthal, Harry, iðnaðarmaður á Akureyri, fæddur 15. júlí 1895 í Þýzkalandi.
28. Schulz, Frithjof Max Karlsson, nemandi í Reykjavík, fæddur 6. maí 1937 í Þýzkalandi.
29. Steinunn Ásta Guðmundsdóttir, Akranesi, fædd 5. nóv. 1929 á Íslandi.
30. Syre, Gerd, vinnukona á Ísafirði, fædd 28. febrúar 1904 í Noregi.
31. Syre, Valborg, saumakona á Ísafirði, fædd 15. ágúst 1908 í Noregi.
32. Söderholm, Einar Leander Gustav-Adolfsson, vélamaður í Reykjavík, fæddur 17. nóvember 1916 í Finnlandi.
33. Thomassen, Olufine Louise, vinnukona á Patreksfirði, fædd 8. ágúst 1912 í Noregi.
Réttur þessi tekur og til barns hennar, Jan Wladysław Lotkowski, sem fæddur er 15. marz 1943 í Reykjavík.
34. Vedder, Wilhelm, úrsmiður í Reykjavík, fæddur 18. júní 1903 í Þýzkalandi.
35. Vroomen, Pieter Martin Hubert, prestur, Landakoti í Reykjavík, fæddur 13. ágúst 1906 í Hollandi.
36. Walbon, Wagner, pylsugerðarmaður í Reykjavík, fæddur 19. marz 1916 í Danmörku.
37. Weg, Otto Arnold, kennari í Reykjavík, fæddur 8. janúar 1933 í Þýzkalandi.

25

1. febr.

Peir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgara-
rétt með lögum þessum fyrir en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr.
54 27. júní 1925, um mannanöfn.

2. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. febrúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

26

4. febr.

L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1949.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
voru:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1949 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðu-
tölum:

| Innborganir: | | | | Áætlun: | Reikningur: |
|--------------|---|------------------|-----|--------------------|--------------------|
| 1. | Tekjur samkvæmt 2. gr. | fjárlaga .. | kr. | 211 940 000.00 | kr. 209 791 802.85 |
| 2. | — — | 3. — A. — .. | — | 70 300 372.00 | — 79 781 652.15 |
| 3. | — — | 3. — B. — .. | — | 10 000.00 | — 16 704.92 |
| 4. | — — | 4. — — .. | — | 964 455.00 | — 1 420 701.22 |
| 5. | — — | 5. — — .. | — | 1 500 000.00 | — 3 919 897.71 |
| 6. | Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga | — | — | 2 510 000.00 | — 111 325 256.90 |
| | | Greiðslujöfnuður | — | 504 053.00 | |
| | | | | Kr. 287 728 880.00 | Kr. 406 256 015.75 |
| Útorganir: | | | | Áætlun: | Reikningur: |
| 1. | Gjöld samkvæmt 7. gr. | fjárlaga .. | kr. | 7 303 344.00 | kr. 7 905 307.02 |
| 2. | — — | 8. — — .. | — | 287 344.00 | — 366 422.36 |
| 3. | — — | 9. — — .. | — | 2 315 576.00 | — 2 812 367.02 |
| 4. | — — | 10. — I. — .. | — | 3 015 167.00 | — 4 221 223.03 |
| 5. | — — | 10. — II. — .. | — | 385 175.00 | — 401 239.00 |
| 6. | — — | 10. — III. — .. | — | 2 059 900.00 | — 2 981 960.60 |
| 7. | — — | 11. — A. — .. | — | 11 756 088.00 | — 13 545 551.02 |
| 8. | — — | 11. — B. — .. | — | 858 160.00 | — 1 165 740.31 |
| 9. | — — | 11. — C. — .. | — | 4 986 614.00 | — 6 081 796.32 |
| 10. | — — | 11. — D. — .. | — | 1 300 000.00 | — 1 122 723.27 |